



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 1. FUNDUR Á VORÖNN 2017 MIÐVIKUDAGINN 11. JANÚAR KL.13:15

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Nemandi sendir inn bréf vegna gönguhóps, sjá fskj. – vísað til kennslustjóra í íþróttum

Lokapróf tveggja nemenda á haustönn 2016 voru endurskoðuð og lokaeinkunn breyttist ekkert.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Söngkeppni verður haldin í skólanum 19. 01. Undirbúningur fyrir árhátíðina í fullum gangi. Fjármálin standa vel. FG keppir á Akureyri í fyrstu umferð MORFÍS. Í Gettu betur verður Flensborg mótherjinn í fyrstu umferð. Stefnt er á skiðaferð í Hlíðarfjall 15.-17. mars.

3. Önnur mál

Verið er að vinna í að fá margnota brúsa til í stað glasa í mötuneytinu. Kanna hvort myndbandanefnd geti gert kynningarmyndband um námbrautir skólans til að nota á skólakynningum.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen skólameistari
Freymar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG
Selma Rós Axelsdóttir forseti NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi
Unnur símonardóttir náms- og starfsráðgjafi